



Minnisblað - Brekkustígur 7, Suðureyri

Á fundi bæjarstjórnar nr. 499 þann 6. okt. sl. Samþykkti bæjarstjórn tillögu um sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna lóða við þegar byggðar götur í Ísafjarðarbæ, sem ekki þarf að leggja í frekari kostnað við gatnagerð og eru auglýstar eru á vef Ísafjarðarbæjar.

Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar, sbr. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld. Í samþykkt bæjarstjórnar var vísað til lóða skv. skipulagi við þegar tilbúnar götur.

Skilyrði fyrir niðurfellingu voru að mannvirkjagerð er lokið og innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á því í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé gerð.

Sé ekki óskað eftir lokaúttekt innan ofangreinds tímaramma fellur niðurfelling gatnagerðargjalda úr gildi.

Brekkustígur 7, á Suðureyri, er lóð sem var stofnuð var í deiliskipulagi Suðureyrarmala, og öðlaðist skipulagið gildi í maímánuði 2016. Með skipulagi svæðisins var lögð áhersla á þéttingu byggðar og uppbyggingu m.t.t. ferðamannaiðnaðar, í eldri byggð. Lóðin við Brekkustíg 7 er við þegar byggða götu og ekki er fyrirhuguð frekari gatnagerð við Brekkustíg. Að mati sviðsstjóra ætti lóðin að falla undir samþykkt bæjarstjórnar frá 6. okt. sl.